



Fjárfestingarstefna

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins er fjárfestingarsjóður sem er sjálfstæð stofnun í eigu íslenska ríkisins. Hlutverk sjóðsins er að stuðla að uppbyggingu og vexti íslensks atvinnulífs með fjárfestingum í sprota- og nýsköpunarfyrirtækjum. Sjóðurinn er langtímafjárfestir og hefur það að markmiði að hámarka ávöxtun þess fjármagns sem notað er til fjárfestinga. Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins starfar samkvæmt lögum nr. 61/1997, reglugerð nr. 451/2009 og auglýsingu nr. 394/ 2013. Fjárfestingarstefna sjóðsins er til frekari áherslna og skýringar framangreindum lögum, reglugerð og auglýsingu.

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins er sígrænn fjárfestingarsjóður og hefur ekki afmarkaðan fjárfestingartíma. Þetta fyrirkomulag veitir sjóðnum þá sérstöðu að geta verið þolinmóður fjárfestir og brú á milli styrkja- og englaumhverfis þar til fyrirtæki hafa náð fótfestu til að fá fjármagn hjá sjóðum sem starfa á seinni stigum fjárfestinga. Nýsköpunarsjóður leitar þess ávallt að vera í góðu samstarfi við opinbera aðila, aðra sjóði, styrkjaumhverfið og að skapa tengsl við grasrótina. Sjóðurinn styður almennt starf hraðla og hvers kyns fræðslu um nýsköpun og hvetur frumkvöðla til að kynna verkefni sín fyrir fulltrúum sjóðsins.

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins fjárfestir í sprotafyrirtækjum í nýsköpun. Með srotafyrirtækjum er átt við fyrirtæki með innan við 50 starfsmenn og ársveltu innan við 500 milljónir króna og meira en 10% af veltu er varið í viðurkennda rannsókn- og þróunarstarfsemi, með nýsköpun er átt við starfsemi sem byggir á sérhæfðri þekkingu, tækni eða öðru nýnæmi. Fyrirtæki hættir að teljast srotafyrirtæki þegar það hefur verið skráð í kauphöll eða náð árlegri veltu sem nemur einum milljarði króna. Sjóðurinn vill almennt koma snemma að srotafyrirtækjum og fylgja álitlegum fjárfestingum eftir með viðbótarframlagi. Þá telur sjóðurinn það heppilegt að eiga á bilinu 10-30% í sérhverju verkefni, eiga ávallt rétt á sæti í stjórn og veita stjórnendum faglegan stuðning við stjórnun og rekstur. Nýsköpunarsjóður velur verkefni þar sem eldmóður, kraftur og traust einkenna teymið og byggja á vel unnum, ítarlegum greiningum og áætlunum. Sjóðurinn velur til fjárfestinga verkefni þar sem vænta má mikils virðisauka og arðsemi af fjárfestingu sjóðsins, auk þess að stuðla að atvinnu- og verðmætasköpun á Ísland, skapa ný tækifæri til útflutnings og bæta alþjóðlega samkeppnisstöðu fyrirtækja. Þá skal stefnt að útgöngu sjóðsins úr verkefnum með sölu hlutabréfa strax og viðunandi arðsemi fæst og að jafnaði eigi síðar en 10 árum eftir fjárfestingu.

Stjórn Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins ákveður fjárfestingarviðmið sjóðsins árlega. Við ákvörðun um fjárfestingarviðmið hvers árs er horft til eftirfarandi þátta:

- Stöðu sjóðsins í heild, fjölda fyrirtækja í eignasafni og stöðu þeirra.
- Hvernig fjármunum sjóðsins verði best varið með tilliti til upphæða og fjölda verkefna.
- Hvaða verkefni henti best með tilliti til áhættu, ávöxtunar og tímalengdar.
- Hvernig verkefnum sé dreift milli atvinnugreina til að jafna áhættu.

Hlutafjárþátttaka

Meginstarfsemi Nýsköpunarsjóðs felst í kaupum á hlutafé í nýsköpunar- og sprotafyrirtækjum en fyrir framlag sjóðsins eignast hann hlutdeild í fyrirtækjum í samræmi við það verðmat sem eigendur viðskiptahugmynda og Nýsköpunarsjóður koma sér saman um. Nýsköpunarsjóður leggur áherslu á aðkomu annarra fjárfesta að fyrirtækjum þegar fjárfesting Nýsköpunarsjóðs nægir ekki til að fylgja viðskiptahugmynd eftir. Sjóðurinn getur gert kröfu um slíka aðkomu á sama tíma og sjóðurinn fjárfestir í fyrirtæki en einnig kann það að vera skilyrði fyrir frekari fjárfestingu sjóðsins í fyrirtæki. Stjórn Nýsköpunarsjóðs ákveður árlega hversu mikið fjármagn verður til ráðstöfunar til kaupa á hlutafé í nýjum fyrirtækjum og hversu miklu verður varið til þess að fylgja eftir fyrri fjárfestingum sjóðsins.

Mat á fjárfestingarverkefnum

Með öllum fjárfestingarverkefnum þarf að liggja fyrir ítarleg viðskipta-, rekstrar- og markaðsáætlun. Mikilvægt er, að áætlanir séu byggðar á raunhæfum forsendum svo sjóðurinn geti metið viðskiptalega og fjárhagslega áhættu á grundvelli hennar.

Við mat á fjárfestingarverkefnum skoðar Nýsköpunarsjóður nýsköpunargildi verkefnis, hvort verkefnið valdi truflun eða breytingu á markaði, eða sé í beinni samkeppni við starfandi fyrirtæki hér á landi. Auk þess metur Nýsköpunarsjóður markaðinn, samkeppnina, áætlanir um vöxt fyrirtækis, möguleika sjóðsins til útgöngu og væntanlegan arð af fjárfestingunni í samanburði við fjárfestingaviðmið sjóðsins. Teymið innan fyrirtækisins þarf jafnframt að vera trúverðugt og tilbúið í vegferðina sem fylgir vexti fyrirtækisins. Almenn þurfa fjárfestingarverkefni að hafa alþjóðlega skírskotun en með því er átt við að unnt sé að skala verkefnið erlendis. Samfélagslegt mikilvægi verkefnis og tengsl við Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna hafa áhrif við mat á verkefnum, að uppfylltum öðrum skilyrðum og viðmiðum fyrir fjárfestingu.

Ferli og ákvarðanir

Fjárfestingarráð er starfandi innan Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins samkvæmt 4.gr. starfsreglna sjóðsins nr. 394/2013 og er skipað starfsmönnum sjóðsins samkvæmt nánari ákvörðun framkvæmdastjóra. Fjárfestingarráð fundar reglulega og fjallar um þau fjárfestingatækifæri sem berast. Á þeim fundum er settur ábyrgðaraðili á hvert mál en falli þau ekki að fjárfestingarstefnu sjóðsins skal það að jafnaði tilkynnt til forsvarsmanns viðskiptahugmyndarinnar innan 14 daga frá því að gögnin hafa verið skoðuð af ábyrgðaraðila innan sjóðsins. Að öðrum kosti er farið ítarlega yfir viðskiptaáætlun fyrirtækisins. Ef einhver gögn vantar að mati starfsmanna sjóðsins er eftir þeim kallað við fyrsta tækifæri. Næsta skref er að ábyrgðaraðili verkefnisins hittir frumkvöðulinn og aðra aðstandendur viðskiptahugmyndarinnar, þar sem hann eða þeir kynna hugmyndina og viðskiptaáætlun sína í heild sinni.

Sá tími sem getur liðið frá því að fjárfestingarverkefni berst sjóðnum og þar til ákvörðun um fjárfestingu sjóðsins liggur fyrir getur tekið allt frá 14 dögum, ef umsóknin fellur ekki að starfsemi sjóðsins, upp í nokkra mánuði, allt eftir eðli viðskiptahugmyndarinnar og hversu flókin og viðamikil hún er. Ekki er óalgengt, bæði hér á landi og erlendis, að það geti tekið allt að 6 mánuði að ganga endanlega frá fjárfestingu í viðskiptahugmynd. Mikið er lagt upp úr vandaðri umgjörð fyrirtækjanna strax í upphafi, meðal annars með gerð hluthafasamkomulags á milli frumkvöðla og fjárfesta.

Fjárfesting Nýsköpunarsjóðs

Taki Nýsköpunarsjóður ákvörðun um að fjárfesta í fyrirtæki, skal tryggja að öll þau skilyrði sem sett eru fyrir aðkomu sjóðsins, séu uppfyllt áður en til útborgunar á hlutafé kemur. Ákvarðanir um fjárfestingar eru teknar samkvæmt starfsreglum sjóðsins nr. 394/2013 og fylgja ferlum fjárfestingarhandbókar og gæðahandbókar. Dæmi um algeng skilyrði af hálfu sjóðsins eru að hið nýja fyrirtæki sé eigandi að viðskiptahugmyndinni, að fjármögnun fyrirtækisins sé að fullu tryggð, að frumkvöðullinn taki þátt í uppbyggingunni og sé tilbúinn að leggja sitt af mörkum til að viðskiptaáætlunin gangi eftir. Enn fremur er farið fram á að hið minnsta einn aðili í stjórn fyrirtækisins sé tilnefndur af Nýsköpunarsjóði. Tilgangur þess er meðal annars að tryggja að áætlunum sé fylgt og að góðir stjórnarhættir séu ástundaðir.

Sala á hlutum í fyrirtækjum

Þar sem Nýsköpunarsjóður er oft einn af frumfjárfestum fyrirtækis er ljóst að sjóðurinn þarf að hafa þolinmæði til að byggja fyrirtækið upp í samræmi við áætlanir. Almennt er við það miðað að Nýsköpunarsjóður sé hluthafi í a.m.k. 5-10 ár, en það ræðst hins vegar af eðli og framgangi fjárfestingar hverju sinni. Þörf kann í einhverjum tilvikum að vera á því að sjóðurinn fylgi eftir frumfjárfestingu með frekari hlutafjárkaupum eða lánveitingum. Þegar þar að kemur er það sjálfstætt mat hverju sinni hvenær heppilegast er fyrir sjóðinn að selja hlut sinn. Við mat á tímamarki sölu hluta Nýsköpunarsjóðs er lögð áhersla á hámarksávöxtun á það fjármagn sem sett var í fyrirtækið. Þannig getur Nýsköpunarsjóður tekið þátt í enn fleiri fjárfestingarverkefnum annarra frumkvöðla og fyrirtækja. Við útgöngu sjóðsins úr fyrirtæki er lögð áhersla á að hagsmunir fyrirtækisins séu tryggðir og að nýir aðilar sem að fyrirtækinu koma, í stað sjóðsins, hafi burði til að fylgja fyrirtækinu upp á næsta þrep í þróun þess.